

Umsagnir:

Sr. Jóna Hrönn Bolladóttir og Sigurbjörg Hannesdóttir fræðslustjóri
Alzheimersamtakanna.

„Ég naut þeirrar blessunar að fara á sýninguna hennar Sigrúnar Waage „Ef ég gleymi“, ég hafði séð fyrir mörgum árum Grænalandið eftir Ólaf Hauk Símonarson en þá var faðir minn Bolli Þórir Gústavsson lifandi, en hann glimdi við heilabilun í 12 ár og sú sýning sat í mér ekki síst fyrir það að á þessum tíma voru þessir heilabilunar sjúkdómar umluktir ákveðinni skömm eins og geðsjúkdómar og fólk hvíslaðist á um veikindin. Verkið og tilurð þess höfðu gríðarleg áhrif á mig og þess vegna fagnaði allt innra með mér þegar ég heyrði að Sigrún ætlaði að setja upp sýningu í safnaðarheimili Vídalínskirkju, því það er ennþá ákveðin leyndarhyggja yfir umræðunni um heilabilun. Í verkinu hennar Sigrúnar fylgjumst við með konunni Reginu sem greinist með minnissjúkdóm. Á ótrúlega skömmum tíma fáum við að fylgjast með ferli sem getur tekið 8-12 ár fyrir hinn veika. Það var magnað að fylgjast með því hvernig Sigrún náði að tjá þennan lúmska sjúkdóm sem hefst með ofurlitlum gloppum í hinu daglega lífi sem margir upplifa einnig þegar lífið er flókið eða streitan mikil. Strax þar fórum við sem staðið höfum með hinum minnissjúka í gegnum sjúkdómsferlið að finna til og tengja. Sigrúnu tókst að leiða mig í gegnum mína eigin persónulega reynslu í þróun veikinda Reginu því það var allt svo ótrúlega trúverðugt og snerti hjarta mitt verulega. Málfarið, málstolið, verkstolið, ringlunin, sorgin, vanmátturinn, berskjöldunin skilaðist algjörlega. Það var líka dýrmætt að hafa þessa fallegu tónlist hennar á milli því ég þurfti að fá að ná andanum og melta hvern kafla fyrir sig. Fyrir þau sem ekki hafa farið í gegnum minnissjúkdóma/heilabilun ástvinnar fá þarna alveg ótrúlega raunsanna lýsingu á löngu og þjáningarfullu ferli. Ég vona að við getum notað þennan skapandi kraft listakonunnar til að upplýsa og fræða, því kannski er það magnaðasta leiðin til að brjóta líka niður fordóma og ákveðna skömm. Ég þakka innilega fyrir þetta mikilvæga framlag (Jóna Hrönn Bolladóttir)“.

„Sigrún Waage túlkaði veikindi Reginu í verki hennar um Alzheimer sjúkdóminn á raunverulegan og mannlegan hátt. Einkenni Reginu, líkamleg og andleg, sýndu eitt af mörgum andlitum Alzheimersjúkdómsins. Líkamleg hrörnun, vöntun á daglegri umsjá Reginu í sambandi við klæðnað og notkun á einföldum verkefnum daglegs lífs var vel tekið fyrir. Einnig svokallað málstol sem einstaklingar með Alzheimer glíma oft á tíðum við. Innsýn inn í heim aðstandenda einstaklings með heilabilun í gegnum samtalið í sýningunni sýndi einnig mikla reynslu og góða túlkun. Alzheimersamtökin fagnar fræðslu í sem fjölbreyttustu mynd og þetta fyrirkomulag í gegnum leikverk og samtal var einstaklega vel heppnað (Sigurbjörg Hannesdóttir, fræðslustjóri Alzheimersamtakanna)“.